

Vík 25. Okt. 2018

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fimm ára 2019- 2023 mál nr. 172 og um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 nr. 173

Frá: „Vinum Vegfarandans“ sem er áhugahópur fólks í Mýrdal um bættar samgöngur og umferðaröryggi. Hópurinn telur 43 skráða félaga sem allir eru búsettir í Mýrdalshreppi.

Vinir Vegfarandans fagna áformum um breikkun brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi, sem komin er inn á fimm ára áætlun. Þessi brú er fjölfarnari en nokkur önnur einbreið brú á hringveginum, þar eru stöðugar umferðartafir og umferðaróhöpp ekki óalgeng.

Gatnabrún: Okkur hugnast ekki að leggja í þann gríðarlega kostnað sem Vegagerðin áætla í svokallaða lagfæringu þar. Þessi „lagfæring“ er þriggja km. löng vegalagning um brattlendi, mýrar og tún, ásamt því að brúa þarf tvær ár, Hvammsá og Deildará. Þá er enn eftir 5.5 km vegakafli að væntanlegri tengingu við nýjan láglandisveg, sem er mjög illa farinn og þarfnast innan tíðar algerrar endurbyggingar. Einnig eru þar tvær brekkur Skarphóll og Mosaháls. Að okkar áliti er vel hægt að lagfæra þessar tvær hættulegu beygjur neðst í Gatnabrún með litlum tilkostnaði, sem aðallega fælist í því að breikka öryggissvæði við þær. Eftir sem áður stendur vandamálið með veginn í fjallaskarðinu inn af Vík, þar sem margfalt fleiri umferðaróhöpp verða, ásamt umferðinni í gegnum Víkurþorp, sem er fólki mikið áhyggjuefni og einungis tímaspursmál hvenær af því hlýst stórslys.

Það er gríðarlega mikilvægt að fara sem fyrst í framkvæmdir á hinum áformaða láglandisvegi um mið-Mýrdalinn með göngum undir Reynisfjall, eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Það leysir öll helstu vandamál núverandi vegar á einu bretti og myndi auk þess spara u.þ.b. 8.5 millj. km akstur á ári, miðað við umferðartölur 2017. Skipta ætti þessari fjárveitingu sem ætluð er í Gatnabrún í þrennt: Ódýr lagfæring á Gatnabrún, tryggja umferðaröryggi í gegnum Vík meðan beðið er eftir að láglandisvegurinn komi og taka hluta fjárveitingarinnar í undirbúningsvinnu fyrir þá framkvæmd, ásamt kostnaðarmati á honum sem okkur finnst undarlega hátt ef miðað er við Dýrafjarðargöngin og vegalagningu sem þeim fylgir.

Að lokum er vert að benda á að lang stæsti atvinnuvegur í Mýrdal og alls Suð-Austur landsins er ferðaþjónusta og þess vegna mjög mikilvægt að útrýma erfiðum og hættulegum vegarköflum eins og þessum, sem er óumdeilanlega sá lang versti frá Kömbum austur á Reyðarfjörð.

Virðingarfyllt

f.h. Vina Vegfarandans,


Bjarni Jón Finnsson
formaður.